



Landsbréf hf.  
Borgartúni 33  
105 Reykjavík

## FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík  
sími: 545 8400 postur@for.is  
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 10. janúar 2023  
Tilv.: FOR22060032/3.5

Efni: Undanþága frá gildissviði upplýsingalaga

### Um undanþágur frá gildissviði upplýsingalaga

Upplýsingalög, nr. 140/2012, taka til allrar starfsemi stjórnvalda og lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna. Þau taka þó ekki til lögaðila, sem sótt hafa um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélaga þeirra.

Í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga er kveðið á um að ef starfsemi lögaðila að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera sé að nær öllu leyti í samkeppni á markaði geti forsætisráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laganna eða dregið slíka ákvörðun til baka. Þá er jafnframt kveðið á um að forsætisráðuneytið skuli halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skuli undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun um undanþágu samkvæmt málsgreininni tekur gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Í athugasemdum við 2. gr. í greinargerð með frumvarpi til upplýsingalaga segir að undanþáguheimild 3. mgr. 2. gr. verði aðeins beitt ef starfsemi viðkomandi lögaðila sé að nær öllu leyti í samkeppni á markaði. Skilyrði þess að undanþágunni verði beitt séu því í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinberrar starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fari á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Þá er tekið fram að ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki geti fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. verði að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Ljóst sé jafnframt að henni verði að beita af mikilli varfærni og er m.a. vísað til þess að skv. 4. tölul. 10. gr. sé heimilt að takmarka rétt almennings til aðgangs að gögnum vegna samkeppnishagsmuna opinberra fyrirtækja og stofnana. Sú undanþága ætti oftast að nægja til að tryggja samkeppnislega hagsmuni fyrirtækja og stofnana sem eru í eigu opinberra aðila. Með 3. mgr. 2. gr. sé á hinn bóginn leitast við að einfalda afmörkun á gildissviði upplýsingalaga gagnvart þeim fyrirtækjum sem einvörðungu, eða að langstærstum hluta, sinna starfsemi sem er í samkeppnisrekstri.

### Erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og málsmeðferð forsætisráðherra

Við birtingu auglýsingar nr. 9/2020 þann 10. janúar 2020 tóku gildi ákvarðanir þær forsætisráðherra að 11 nánar tilgreind dótturfélög Landsbankans hf. skyldu ekki falla undir gildissvið upplýsingalaga og

skyldu undanþágurnar endurskoðaðar ekki síðar en 10. janúar 2023. Áður höfðu félögin fengið undanþágur frá gildissviði upplýsingalaga með auglýsingum nr. 1175/2016 og nr. 1211/2013. Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisráðherra, dags. 7. júní 2022, kemur fram að ráðuneytinu hafi borist beiðnir um áframhaldandi undanþágur til handa níu nánar tilgreindum dótturfélögum bankans. Það sé mat ráðuneytisins að starfsemi þeirra dótturfélaga hafi ekki tekið breytingum sem gefi tilefni til að endurskoða forsendur undanþáganna og þau rök sem þær byggja á eigi enn við. Því leggi ráðuneytið til að umræddum dótturfélögum verði veittar áframhaldandi undanþágur frá gildissviði upplýsingalaga.

Um var að ræða eftirtalin félög:

1. Bláma - fjárfestingarfélag ehf.
2. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf.
3. Flóa ehf.
4. Holtaveg 10 ehf.
5. Hömlur ehf.
6. Hömlur fyrirtæki ehf.
7. Iceland Construction ehf.
8. Lindir Resources ehf.
9. Landsbréf hf.

Forsætisráðuneytið óskaði eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins um tillöguna með bréfi, dags. 21. október 2022. Í umsögn, dags. 2. nóvember 2022, kemur fram að Samkeppniseftirlitið telji að rök standi enn til þess að umrædd dótturfélög Landsbankans fái að njóta undanþágu frá upplýsingalögum skv. 3. mgr. 2. gr. laganna.

Á meðan meðferð málsins stóð voru tvö af félögunum afskráð, þ.e. Holtavegur 10 ehf. og Iceland Construction ehf. Í ljósi þess óskaði forsætisráðuneytið eftir afstöðu Landsbankans hf. til þess hvort enn yrði óskað eftir undanþágu fyrir félögin. Með erindi, dags. 19. desember 2022, dró bankinn ósk sína um undanþágu fyrir hin afskráðu félög til baka.

### **Niðurstaða**

Eftirtalin félög eru til umfjöllunar í ákvörðun þessari:

#### *Blámi – fjárfestingafélag ehf.*

Félagið er 100% í eigu Landsbankans hf. Tilgangur þess er eignarhald, kaup og viðskipti með hlutabréf, lánastarfsemi og önnur skyld starfsemi.

#### *Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf.*

Félagið er 100% í eigu Landsbankans hf. Tilgangur þess er kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með hlutabréf, hluti í félögum, önnur verðbréf og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti; lánastarfsemi og skyldur rekstur.

#### *Flói ehf.*

Félagið er 100% í eigu Hamla fyrirtækja ehf. Tilgangur þess er kaup, sala og eignarhald verðbréfa, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og annar skyldur rekstur.

#### *Hömlur ehf.*

Félagið er 100% í eigu Landsbankans hf. Tilgangur þess er fjárfestingar og umsýsla með fjármálagerninga, rekstur eignarhaldsfélaga, svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

*Hömlur fyrirtæki ehf.*

Félagið er 100% í eigu Landsbankans hf. Tilgangur félagsins er eignarhald félaga, innflutningar, smásala, heildsala, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og fjárfestingarstarfsemi.

*Landsbréf hf.*

Félagið er 100% í eigu Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og Bláma – fjárfestingafélags ehf. Félagið er sjálfstætt starfandi fjármála fyrirtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, auk þess sem starfsleyfið nær til eignastýringar og fjárfestingaráðgjafar.

*Lindir Resources hf.*

Félagið er 78% í eigu Landsbankans hf. Tilgangur félagsins er kaup, sala og eignarhald verðbréfa, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Framangreindum félögum var veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga með ákvörðun forsætisráðherra sem öðlaðist gildi við birtingu auglýsingar nr. 9/2020. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekkert breyst í starfsemi félaganna sem gefur tilefni til að endurskoða forsendur undanþáganna. Þeim hefur ekki verið falið að taka stjórnvaldsáskvarðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnslu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða sem telst vera liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Starfsemi félaganna er þannig einkaréttarlegs eðlis og félögin stunda ekki starfsemi sem talist getur til hefðbundinnar opinberrar starfsemi þrátt fyrir að vera í meirihlutaeigu ríkisins í gegnum móðurfélag sitt Landsbankann hf. Þessu til viðbótar starfar félagið Landsbréf hf. á samkeppnismarkaði og ef það þyrfti að hlíta reglum upplýsingalaga hefur Samkeppniseftirlitið talið hættu á því að skapast myndi ójafnræði í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði sem gæti skekkt samkeppni milli fyrirtækja í sambærilegri stöðu á sama markaði, sbr. umsögn Samkeppniseftirlitsins frá 30. september 2016.

Að öllu framangreindu virtu, og með vísan til ákvörðunar um undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga til handa Landsbankanum hf., hefur forsætisráðherra ákveðið að þau dótturfélög Landsbankans hf. sem fjallað hefur verið um í ákvörðun þessari skuli ekki falla undir gildissvið upplýsingalaga, nr. 140/2012. Undanþágan skal endurskoðuð eigi síðar en 10. janúar 2026.

Hvað varðar dótturfélög Landsbankans hf. sem veitt var undanþága frá gildissviði upplýsingalaga með ákvörðun forsætisráðherra, dags. 10. janúar 2020, sbr. auglýsingu nr. 9/2020, en ekki var óskað eftir að yrðu áfram undanþegin gildissviði laganna, hefur forsætisráðherra ákveðið að undanþága þeirra skuli falla brott. Nánar tiltekið eru það félögin Holtavegur 10 ehf., Iceland Construction ehf., Span ehf. og SPN1 hf.

Fyrir hönd ráðherra

Páll Þórhallsson

Hrefna Ragnhildur Jóhannesdóttir

Samrit: Landsbankinn hf. og fjármála- og efnahagsráðuneytið